



## Fundargerð Skólaráðs Grunnskóla Snæfellsbæjar 23. maí 2017 kl. 16:15.

Mættir voru : Hilmar Már Arason, Elfa Eydal Ármannsdóttir, Dagbjört Hjartardóttir, Guðný Jakobsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Guðrún Jenný Sigurðardóttir.

### Dagskrá:

1. Lýðræði í skólum
2. Styrkir
3. Læsi
4. Viðhaldsmál í sumar
5. Sjálfsmat – innra mat
6. Niðurstöður úr samræmdum prófum
7. Skóladagatal 2017 -2018
8. Næsta skólaár
9. Önnur mál

### 1. Lýðræði í skólum

Skólastjóra barst eftirfarandi tölvupóstur en þar sem tímamörk til að senda svar voru mjög stutt þá sendi hann engar athugasemdir.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 190. mál.

Frumvarpið er lagt fram til að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri þess til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur. Verði frumvarpið að lögum munu aldursmörk kosningaréttar í sveitarstjórnarkosningunum 2018 verða við 16 ára aldur í stað 18 ára eins og nú er.

Allsherjar- og menntamálanefnd hefur því óskað eftir því að grunnskólar landsins fái málið til umsagnar til að tryggja að nemendur og nemendaráð unglíngadeilda grunnskóla séu upplýst um málið og hafi tækifæri til að skila umsögnum um það sé áhugi til staðar.

Er þess hér með farið á leit við stjórnendur skólanna að málið verði kynnt nemendaráðum.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 19. maí nk. á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Megintilgangur með því að kenna lýðræði í skólum er eftirfarandi:

- Þjálfar nemendur í að tjá skoðanir sínar.
- Setja upp kosningar, þjálfar nemendur að bjóða sig fram og kjósa.
- Taka þátt í skuggakosningum.



## 2. Styrkir

- Sprotasjóður 2017 – 2018:
  - Landvernd. Styrkur að upphæð kr. 1.700.000 vegna verkefnisins: **Hreint haf - Ungt fólk á móti plasti.**
  - Upplýsingatæknitorg, Menntamiðja og Menntavísindasvið HÍ. Styrkur að upphæð kr. 1.200.000. **Vexa - Maker hönnunarsmiðjur í grunnskólum.** Grunnskóli Snæfellsbæjar, Garðaskóli, Hólabrekkuskóli og Norðlingaskóli.

Þess má geta að Grunnskóli Snæfellsbæjar fær 5 % af úthlutunarfé sjóðsins að þessu sinni.

- Endurmenntunarsjóður:
  - FSSF. Styrkur að upphæð kr. 450 000. **Læsi.** Læsisráðstefna 21. ágúst.

## 3. Læsi

- Fundir með foreldrum – skýr skilaboð.
- Sumarlestur – Verðlaun.
- Bókasafn Snæfellsbæjar opið á fimmtudögum frá 11:00-13:00.
- Senda bækling heim.

## 4. Viðhaldsmál í sumar

### Hellissandur

- Yfirfara rólusvæðið - bera á/mála.
- Mála skólann að utan, vanda til verka, góð undirvinna.
- Vantar viftu í uppvöskunarherbergi.
- Bera þarf á girðingu við skólann.
- Skjólvegg/grindverk við útidyrhurð starfsfólks.
- Skipta um glugga á norðurhlið gamla skólans - þar er einfalt gler.
- Endurglerja smíðastofu.
- Nýir hefilbekkir í smíðastofu - endurhanna?
- Mála og hreinsa vestur vegg í smíðastofu.



- Setja upp hurð á milli rýma í smíðastofu.

### Ólafsvík

- „Hleðsla“ í útikennslustofu.
- Gluggi í fundarherbergi lekur og í stigagangi.
- Skipta út hurðum, brotin og sprungin spjöld.
- Uppsetning brunavarnarkerfis.
- Stækka bókasafnið.
- Vaskahús endurskipuleggja.
- Potturinn.
- Mála gang.
- Flytja textílmenntastofu - setja upp hillur og vask.
- Yfirfara vinnuherbergi kennara, sbr. athugasemdir.
- Mála/bera á leiktæki og glugga sem snúa í suður á 2.h.

Markmiðið er að húsnæði skólans sé gert vatns- og vindhelt. Síðan verður farið í að bæta vinnuaðstöðu nemenda og starfsfólks.


### Lýsuhólsskóli

- Þétta glugga að norðanverðu
- Skipta um glugga að sunnanverðu. Byrjað á mötuneytissal.

Búið er að einangra anddyri og setja upp brunaviðvörðunarkerfi.

### 5. Sjálfsmat – innra mat

- Byggir á sama líkani og ytra matskerfi ráðuneytisins. Kostir.
- Matshringurinn



- Kerfisbundið
- Markmiðsbundið
- Samstarfsmiðað
- Samofið daglegu skólastarfi
- Byggt á traustum gögnum
- Greinandi og umbótamiðað
- Opinbert

### 1. Nám og kennsla:

1.1 Inntak, árangur og framfarir

1.2 Skipulag náms og námsumhverfi

1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu

1.4 Námshættir og námsvitund

1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda

1.6 Skóli án aðgreiningar

### 2. Mannauður:

2.1 Fagmennska starfsfólks

2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

### 3. Stjórnun og skipulag:

3.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi



### 3.2 Stjórnun skólans

### 3.3 Faglegt samstarf

### 3.4 Skólaþróun og starfsþróun

### 3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

## 4. Skólabragur:

### 4.1 Viðmót og menning

### 4.2 Velferð og líðan nemenda

### 4.3 Samstarf heimila og skóla

## 5. Innra mat:

### 5.1 Framkvæmd innra mats

### 5.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats

Samhliða þessu mati þá eru ýmsir þættir í skólastarfinu sem flokkast undir sjálfsmat og rétt að geta þeirra hér, það eru þættir eins og:

- ✓ Þættir úr ytra mati frá vorinu 2015 sem átti eftir að koma til framkvæmda.
- ✓ Niðurstöður samræmdra prófa og PISA, minnisblað um útkomu skólans.
- ✓ Niðurstaða vinnu sveitarstjóra með kennurum og stjórnendum og hvað mætti bæta varðandi aðbúnað og framkvæmd vinnumatsins.
- ✓ Skólastjóri fundaði með nemendum í unglingadeild um hvað þeim þætti vera gott við skólann sinn og hvað mætti betur fara.

Hilmar bar drög að sjálfsmatsskýrslu skólans undir Sigríði Sigurðardóttur og eftirfarandi svar barst:

„Ég renndi yfir skýrsluna í fljótheitum og það er ánægjulegt að sjá að þið eruð búin að vinna heilmikið í innra matinu.“

Framkvæmd sjálfsmatsins hefur verið í höndum stjórnenda.

## 6. Niðurstöður úr samræmdum prófum

Sjá <http://skyrslur.mms.is/>



## 9. bekkur

	Ísl			Stæ			Ens		
	GSnb	L		GSnb	L		GSnb	L	
A	1	5,3	8	1	5,3	7,3	1	5,3	9,8
B+	0	0	10,3	1	5,3	10,2	4	21,1	10,5
B	7	36,8	32,2	4	21,1	31,4	5	26,3	36
C+	1	5,3	10,9	0	0	9,8	1	5,3	8
C	8	42,1	30,4	10	52,6	33	5	26,3	27
D	2	10,5	8,2	3	15,8	8,2	3	15,8	8,7
	19			19			19		
Mt. rað.	41			35			45		
Meðaltal	27,37			24,89			28,26		

## 10. bekkur

	Ísl		Stæ		Ens	
	GSnb		GSnb		GSnb	
A	1	3,3	2	7,1	0	0,0
B+	2	6,7	3	10,7	5	16,1
B	9	30,0	10	35,7	6	19,4
C+	6	20,0	0	0	2	6,5
C	8	26,7	8	28,6	14	45,2
D	4	13,3	5	17,9	4	12,9
	30	100,0	28	100,0	31	100,0
Mt. rað.	41		35		45	
Meðaltal	27		25		25,58	

## Framfarir nemenda


## Framfarir

	9			10		
	Ísl	Stæ	Ens	Ísl	Stæ	Ens
4	4			2		
3	8	15		18	12	
2	2	3		5	8	
1	4			1	4	
Mt. ff.	2,7	2,8		2,8	2,3	


Framfarir eru meiri en almennt gerist á landsvísu.  
Framfarir eru svipaðar og almennt gerist á landsvísu.  
Framfarir eru minni en almennt gerist á landsvísu.  
Framfarir eru minni en almennt gerist á landsvísu.



## 10.bekkur íslenska



## 10. bekkur stærðfræði





## Próunin

Úr „samantektinni“:

- Í heildina má segja að niðurstöður úr samræmdu prófunum séu nokkuð sveiflukenndar í öllum þremur árgöngunum og í öllum námsgreinunum. Út frá niðurstöðum í heild sinni má segja að skólinn kemur ekki illa út úr samræmdum prófum.
- Það má greina þróun um slakari niðurstöður núna síðustu ár sem full ástæða er til að taka alvarlega og bregðast við.

Hvað gerum við ?

- Aukum teymiskennslu.
- Búið að ráða verkefnastjóra í sér- og stuðningskennslu.
- Stefna í læsi og stærðfræði er að verða til.

## 7. Skóladagatal 2017 - 2018

Skóladagatal lagt fram og samþykkt án athugasemda. Það eru 179 dagar í skóla en árshátíðardagur er tvítalinn þannig að dagarnir eru alls 180.

## 8. Næsta skólaár

- Búið að manna
  - Nýir kennarar:
    - Fadel íþróttakennari
    - Ingridur Harðardóttir myndmenntakennari
    - Katrín Elísdóttir sérkennari
  - Koma aftur:
    - Sigrún Baldursdóttir kemur að loknu námsleyfi
    - Hildur Lúðvíksdóttir kemur á áramótum.
- Það er búið að ganga frá mörgu – þarf lítið út af að bera
- Forréttindi að skólinn er vel mannaður.
- Starfsmannastefn – viðverustjórnun





- Starfslýsingar sjá <https://docs.google.com/document/d/13hjcV8bkPoVKO76IHsRyotfjaKEGoXW7-rasYM8rNkE/edit>

## 9. Önnur mál

a) Hilmar las upp tölvupóst frá foreldri fyrrverandi nemanda Gsnb þar sem kennurum skólans var þökkun góð kennsla í stærðfræði.

b) Hilmar þakkaði meðlimum skólaráðs fyrir gott samstarf á skólaárinu.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 17:03

Elfa E. Ármannsdóttir

Aðstoðarskólastjóri